

## **Aðstaða fyrir starfsmenn stuðningsþjónustu Hafnarfjarðar:**

### **Starfstöðin: forsaga og þróun**

Starfsfólk í stuðningsþjónustu hefur verið með eigin aðstöðu, að Sólvangsvegi 1 kjallara, í um það bil 5 ár. Áður voru fundir haldnir í lausum fundarherbergjum í stofnunum bæjarins. Markmið fundanna hefur verið og er annars vegar að bæta upplýsingaflæði við starfsmenn stuðningsþjónustunnar og veita nauðsynlega fræðslu og þannig að auka fagmennsku og styrkja ráðningarsamband. Það var því mikil ánægja með eigin aðstöðu, þó svo að það væri ekki varanleg aðstaða, og breytti það miklu fyrir starfsmenn og yfirmenn.

Eftir að Care On var tekið í notkun fyrir fjórum árum var ljóst að flokkstjórar þyrftu að taka að sér að fylgjast með og skipuleggja daginn fyrir starfsmenn á vettvangi. Flokkstjórar vinna að mestu skrifborðsvinnu og skv. lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eiga starfsmenn ekki að vera í gluggalausum rými til lengri tíma yfir daginn. Vinnueftirlitið gagnrýndi aðstöðu flokkstjóra og fór fram á að úrbætur væru gerðar. Flokkstjórum var því útbúin skrifstofuaðstaða þar sem áður var fundarherbergi. Flokkstjórar höfðu þá það næði sem þurfti til að vera í sambandi við þjónustuþega þegar að breytingar urðu á heimsóknum dagsins. Fundarherbergi var útbúið innaf skrifstofurými flokkstjóra. Bæði þessi rými eru verulega niðurgrafin og eingöngu einn opnanlegur gluggi.

Því rými sem hefur verið lýst og átti að vera aðstaða til bráðabirgða er enn í dag sú aðstaða sem stuðningsþjónustan hefur. Gert var ráð fyrir því að stuðningsþjónusta, sem hluti af öldrunarþjónustu, flytti yfir í varanlega aðstöðu á Sólvangi. Samkvæmt nýju skipulagi, gamla Sólvangs, var ekki gert ráð fyrir aðstöðu fyrir stuðningsþjónustuna í því húsi.

### **Aðstaðan í dag:**

Starfsmenn stuðningsþjónustunnar eru um 25 einstaklingar, þar af eru tveir flokkstjórar sem úthluta verkefnum dagsins til starfsmanna. Þar sem að flokkstjórar eru að mestu leyti í tölvuvinnu eru þeir háðir því að góðar tölvutengingar séu til staðar. Núverandi fyrirkomulag, á vinnusvæði flokkstjóranna, er þannig háttað að netsamband er gegnum farsíma þeirra. Það er mjög ótryggt og tenging rofnar um leið og samtali í síma kemur, það er því með öllu óviðunandi vinnuaðstæður.

Þar sem að aðstaðan á Sólvangsvegi 1 átti að vera til bráðabirgða var ekki lagt í þann kostnað sem það hefur í för með sér að setja inn þráðlaust net. Á Covid tímum voru starfsmenn beðnir um að mæta ekki í aðstöðuna vegna sýkingarhættu. Í dag mæta starfsmenn í aðstöðu, koma þar reglulega yfir daginn og stimpla sig síðan út. Almennir starfsmenn nýta sér tölvur til skráninga og að útbúa skjöl og fleira fyrir þjónustuþega en einnig við starfstengda fræðslu.

Kaffiaðstaða starfsmanna rúmar ekki nema fjóra til fimm starfsmenn í einu.

Fundar- og fræðsluaðstaða er óviðunandi, ekki skjár eða fartölva

Af ofangreindu má lesa að það er brýnt að starfsmenn og flokkstjórar í stuðningsþjónustunnar verði útbúin viðunandi aðstaða til frambúðar. Aðstaða þar sem flokkstjórar eru nettengdir, starfsmenn hafi aðgang að nettengdum tölvum, kaffiaðstaða starfsmanna henti fjölda þeirra og fundar- fræðslu aðstaða er fyrir hendi.

Virðingarfyllst  
Sjöfn Guðmundsdóttir  
Deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu  
Fjölskyldu- og barnamálasvið